

Alþingi
Erindi nr. P 137/520
komudagur 6.7.2009

Umsögn um frumvarp til laga um hvali, 112. mál, heildarlög

Umsagnaraðilar:

Hvalasafnið á Húsavík
og
Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Húsavík

Húsavík 3. júlí 2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum Hvalasafnsins á Húsavík og Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Húsavík um 112. þingmál, frumvarp til laga um hvali. Framangreindar stofnanir kjósa að senda inn sameiginlega umsögn.

Um frumvarpið almennt:

Hvalasafnið á Húsavík og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Húsavík fagna þeim áfanga sem stiginn er í átt til verndunar hvala með framangreindu frumvarpi.

Að mati umsagnaraðila er nauðsynlegt að þeim sem veiða hvali verði gert skylt að tilkynna Fiskistofu um tegund, nákvæma staðsetningu og nákvæma tímasetningu (dag og tíma) þegar dýr er veitt. Ákvæði þetta myndi auðvelda að framfylgja takmörkunum sem settar kunna að verða samkvæmt 7. grein lagafrumvarpsins. Framangreindar upplýsingar eru einnig gagnlegar þeim sem stunda rannsóknir á hvölum og munu auka þekkingu á hvölum í íslenskri fiskveiðilögsögu.



Erna Sveinbjörnsdóttir
Frankvagnastjóri
F.h. Hvalasafnsins á Húsavík

Marianne Helene Rasmussen
Forstöðumaður
F.h. Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Húsavík